

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. maí 2026.

Mál nr. E-5415/2025:

A

(Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður)

gegn

Menntasjóði námsmanna

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 21. apríl 2026, var höfðað 23. september 2025. Stefnandi er A. Stefndi er Menntasjóður námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður kærunefndar jafnréttismála frá [...] 2024 í máli nr. [...] /2023. Þá krefst stefnandi að stefndi greiði sér miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. október 2022 til þess dags, er mánuður er liðinn frá máls-höfðunardegi, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

- Þann 12. ágúst 2022 birti stefndi auglýsingu þar sem óskað var eftir að ráða einstakling í starf ráðgjafa. Í auglýsingunni kom fram að í starfinu fælist „ráðgjöf og þjónusta við námsmenn og greiðendur námslána, úrvinnsla gagna við afgreiðslu námslána og afborgana ásamt ýmsum öðrum verkefnum tengdum veitingu námslána og innheimtu“. Í auglýsingunni kom jafnframt fram að helstu verkefni og ábyrgð er starfinu fylgdu væru eftirfarandi: Samskipti og upplýsingagjöf til námsmanna og greiðenda, mat á umsóknum um undanþágur frá afborgun, veiting námslána, þ.m.t. mat á aðstæðum námsmanns, láns hæfi náms, einingaskilum, tekjum og skólagjöldum, mat á rétti til námsstyrkja við námslok, innheimta námslána og almenn upplýsingagjöf varðandi afborganir og

greiðsluleiðir. Þá kom fram að gerðar væru eftirfarandi hæfniskröfur: Háskólapróf sem nýtist í starfi, reynsla sem nýtist í starfi væri kostur, góð tölvukunnátta væri skilyrði, góð íslensku- og enskukunnátta væri skilyrði, kunnátta í öðrum tungumálum væri kostur, frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð og að auki jákvætt viðmót, góð samskiptafærni, samstarfsvilji og álagsþol. Var umsóknarfrestur til og með 30. ágúst 2022.

- 5 Stefnandi er haldin fötlun [...]. Hún sótti um umrætt starf með starfsumsókn, dags. 22. ágúst 2022. Í umsókninni taldi stefnandi upp hæfni sína, menntun og starfsreynslu. Segir síðan í niðurlagi starfsumsóknar stefnanda: „Ég leitast eftir því að starfa í framsæknu vinnuumhverfi sem styður virðingu, fjölbreytileika og jafnrétti og þar sem rými er fyrir þróun, umbætur og endurskoðun ferla.“
- 6 Með starfsumsókn stefnanda fylgdi ferilskrá hennar. Í henni kom m.a. fram að [...] hafi stefnandi unnið að rannsóknarverkefni fyrir Háskóla Íslands um námsaðstoð við fatlaða nemendur skólans. Einnig kemur þar fram að hún hafi tekið þátt í baráttu fatlaðs fólks fyrir jafnri stöðu í samfélagi með kvennahreyfingunni B. Í umsókn eða meðfylgjandi gögnum kemur ekki fram að stefnandi sé fötluð. Þá fylgdu umsókninni umsagnir fyrrum yfirmanna, sem allar voru afbragðsgóðar.
- 7 Í valnefnd stefnda vegna ráðningarinnar áttu sæti C, þáverandi framkvæmdastjóri stefnda, D, deildarstjóri hjá stefnda, og E, utanaðkomandi ráðgjafi frá F, sem var ráðgefandi aðili við úrvinnslu umsókna og í umsóknarferlinu öllu.
- 8 Umsækjendur um starfið voru 34 talsins en tveir drógu umsókn sína til baka. Af umsækjendunum voru fjórir boðaðir í starfsviðtöl sem haldin voru 15. september 2022. Stefnandi var ekki í hópi þeirra umsækjenda sem boðaðir voru í starfsviðtöl.
- 9 Með bréfi stefnda þann 3. október 2022 var stefnanda tilkynnt um að gengið hefði verið frá ráðningu í starfið sem hún hafði sótt um og að ráðnir hefðu verið tveir umsækjendur. Annar þeirra væri með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði og hafði síðast starfað sem sumarstarfsmaður hjá stefnda og þar áður í apóteki við afgreiðslustörf. Hinn þeirra væri með B.A.-gráðu í sálfræði og hafði starfað sem sérkennari, verið aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöð og stuðningsfulltrúi á frístundaheimili.
- 10 Stefnandi óskaði eftir því að stefndi rökstyddi ráðninguna í starfið. Með bréfi, dags. 25. október 2022, færði stefndi rök fyrir ráðningu þeirra umsækjenda sem starf fengu. Kom þar fram að þeir fjórir umsækjendur sem boðaðir hefðu verið í viðtal að úrvinnslu umsókna lokinni hefðu uppfyllt kröfur auglýsingar um menntun og búíð yfir reynslu sem nýst gæti í starfi. Að viðtölum loknum hafi umsækjendum verið gefin stig út frá þeim

þáttum sem fram hafi komið í auglýsingu og hversu vel valnefnd hafi talið umsækjendur hæfa starfi ráðgjafa. Að því mati loknu hafi það verið mat nefndarinnar að tveir umsækjendur stæðu upp úr og hafi umsagna verið aflað um þrjá umsækjendur.

- 11 Tilgreint var einnig í rökstuðningi stefnda að fram hefði komið í auglýsingu að leitast væri eftir að ráða sveigjanlegan og drífandi einstakling í framtíðarstarf. Gerð hefði verið krafa um menntun og kostur ef viðkomandi hefði búið yfir reynslu sem nýttist í starfi ásamt því að ýmsir persónulegir eiginleikar hafi verið nefndir. Var síðan tilgreint að rökstuðningur fyrir ráðningu umsækjendanna tveggja sem starf hlutu hafi verið eftirfarandi: Um fyrri umsækjandann var vísað til háskólagráðu viðkomandi í viðskiptafræði og sumarstarfs hjá stefnda auk starfs í apóteki við afgreiðslustörf. Fram kom að viðkomandi hafi í störfum sínum þurft að sýna fram á sjálfstæð og öguð vinnubrögð, mikla samstarfs- og samskiptahæfni auk jákvæðs viðmóts. Um seinni umsækjandann var vísað til háskólagráðu viðkomandi í sálfræði og starfa sem sérkennari í leikskóla, aðstoðarforstöðumaður hjá félagsmiðstöð og stuðningsfulltrúi á frístundaheimili. Fram kom að viðkomandi hafi í störfum sínum m.a. séð um skipulag á starfi, vaktaplön, umbætur, ráðgjöf og þjálfun, auk þess að sjá um mikil samskipti við fagaðila og forráðamenn.
- 12 Einnig kom fram í rökstuðningi stefnda að margir hæfir einstaklingar hefðu sótt um en að þeir umsækjendur sem ráðnir voru hafi þótt hæfastir að loknu heildarmati á umsækjendum, með vísan til þeirra hæfniskrafna sem gerðar hafi verið í auglýsingu og á grundvelli þeirra upplýsinga sem fengust í ráðningarferlinu. Við ákvörðun um val á milli umsækjenda hafi hvað fyrri umsækjandann sem starf hlaut hjá stefnda varðaði verið sérstaklega litið til starfsreynslu, sjálfstæðra og agaðra vinnubragða, samstarfs- og samskiptahæfni auk frammistöðu í viðtölum. Að því er seinni umsækjandann sem starf hlaut hjá stefnda varðaði hafi verið sérstaklega litið til fjölbreyttrar starfsreynslu sem nýtast myndi í starfi, samskiptahæfni og umtalsverðrar reynslu í samskiptum í fyrri störfum sem og frammistöðu í viðtölum. Umsagnir um þá sem starf hlutu hafi stutt við framangreint og engar frábendingar hafi verið til staðar. Því hafi það verið mat framkvæmdastjóra stefnda að þessir tveir umsækjendur stæðu öðrum framar, væru hæfustu umsækjendurnir og um leið líklegastir til að gera liðsheild stefnda sterkari.
- 13 Þann 16. mars 2023 kærði stefnandi stefnda til kærunefndar jafnréttismála fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og gegn þeirri meginreglu stjórnisýsluréttar að ráða skuli hæfasta umsækjanda um opinbert starf hverju sinni, með því að ráða framangreinda tvo umsækjendur í stað stefnanda. Byggði stefnandi á því að

hún hafi verið látin gjalda fötlunar sinnar en reynsluminni og minna menntaðir einstaklingar hafi verið ráðnir til starfa.

- 14 Með úrskurði kærunefndar jafnréttismála [...] 2024 í máli nr. [...] /2023 var stefndi ekki talinn hafa brotið gegn lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði með ákvörðununum um framangreindar ráðningar í störf tveggja ráðgjafa.
- 15 Helsti rökstuðningur kærunefndar fyrir niðurstöðu sinni var eftirfarandi: Auglýst hafi verið eftir jákvæðum og drífandi einstaklingi í starf ráðgjafa hjá stefnda. Voru helstu verkefni starfsins og hæfniskröfur úr auglýsingunni rakin. Hafi stefndi gert grein fyrir því að sömu mælikvarðar hafi verið notaðir við mat á umsóknum allra þeirra sem sóttu um starf til að tryggja jafnræði og samræmi við heildarmatið. Hafi fjórir umsækjendanna sem best hafi komið út úr því mati verið boðaðir í viðtal en stefnandi hafi ekki verið þar á meðal. Tveir umsækjendur hafi í framhaldinu verið ráðnir í störf á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem komið hafi fram í auglýsingunni. Þá segir að í gögnum málsins liggi fyrir sá matskvarði sem notaður hafi verið við mat á umsóknum og við val á umsækjendum í viðtal. Samkvæmt honum hafi 34 umsækjendum verið gefin stig á bilinu 1–5 fyrir þrjá matsþætti. Matsþættirnir þrír hafi verið (a) háskólapróf sem nýtist í starfi, sem hafði vægið 60%, (b) reynsla sem nýtist í starfi væri kostur, og hafði vægið 30% og (c) góð tölvukunnátta væri skilyrði, og hafði vægið 10%. Þá hafi verið færðar inn athugasemdir við hvern umsækjanda undir liðnum „*samantekt*“ á töflu yfir stigagjöf valnefndar, og hafði stefndi gert grein fyrir því að við val á umsækjendum í viðtal hafi verið stuðst við heildarmat á umsóknum þar sem sérstök áhersla hafi verið lögð á framangreinda matsþætti sem hafi verið hluti þeirra hæfniskrafna sem komu fram í auglýsingu. Kærunefndin benti á að þar sem ekki væri mælt fyrir um þessa þætti í lögum væri það stefnda að ákveða kröfur þessar í ljósi þeirra þarfa sem hann taldi nauðsynlegt að uppfylla til starfrækslu þeirra verkefna sem um ræði með hagsmuni stofnunarinnar að leiðarljósi.
- 16 Taldi kærunefndin að ekki yrði betur séð en að mat stefnda á þeim sjónarmiðum sem hann hafði lagt til grundvallar við ákvörðun um val í viðtöl hafi verið málefnalegt og forsvaranlegt og innan þess svigrúms sem hann hafi haft. Taldi kærunefnd því að af gögnum málsins yrðu ekki leiddar líkur að því að með ákvörðun stefnda um val í viðtöl hafi stefnanda verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Taldi nefndin að það hvort stefndi hefði mátt vita um fötlun stefnanda á grundvelli fyrirliggjandi umsóknargagna hefði ekki áhrif á niðurstöðuna. Þá tók nefndin að þessu athuguðu ekki til frekari skoðunar hvort ein umsókn hefði borist eftir auglýstan umsóknarfrest. Nefndin taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að stefnanda hefði verið mismunað á grund-

velli fötlunar við ákvarðanir um ráðningar í starf ráðgjafa, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018 og var ekki fallist á að stefndi hefði gerst brotlegur við þau lög.

- 17 Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá gáfu C, fyrrum framkvæmdastjóri stefnda, D, deildarstjóri hjá stefnda, E, ráðgjafi hjá F, og G vitnaskýrslur. Verður vitnað til framburðar framangreindra eftir því sem þurfa þykir.

Helstu málsástæður stefnanda

- 18 Stefnandi byggir á því að ráðningarferlið hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga og reglna, að hún hafi ekki fengið sanngjarna og óhlutdræga meðhöndlun af hálfu stefnda og ekki notið jafnrar meðferðar á vinnumarkaði.
- 19 Stefnandi hafi brotið gegn meginreglum stjórnisýsluréttar um ráðningu í opinbert starf með því að mat á hæfni umsækjenda hafi ekki verið forsvaranlegt og hæfasti umsækjandinn ekki ráðinn. Bera eigi saman umsækjendur á sambærilegum grundvelli til að leiða þann hæfasta í ljós í stað þess að réttlæta hvaða umsækjanda veitingarvaldshafinn vilji ráða.
- 20 Ráðningarferli stefnda hafi brotið gegn þessu og stefnandi ekki fengið sanngjarna og óhlutdræga meðhöndlun. Þar sem stefnandi hafi ekki verið boðuð í viðtal ráðist sam- burður á hæfni hennar og þeirra sem ráðnir voru aðeins af hlutlægum þáttum. Rökstuð- ingi stefnda hafi verið ábótavant. Samanburður stefnanda við þá sem ráðnir voru leiði í ljós ósamræmi í einkunnagjöf valnefndar.
- 21 Hæfisskilyrði um háskólapróf sem nýtist í starfi hafi verið gefið 60% vægi sem veiga- mesti hæfnisþáttur mats. Stefnandi sé með bachelor-, masters- og diplómagráðu í tónlist frá erlendum háskóla, B.Sc.-próf í viðskiptafræði af fjármála- og reikningshaldssviði og diplóma á mastersstigi í hagnýtri jafnréttisfræði, auk þess að hafa lokið námskeiðum í upplýsinga- og skjalastjórnun, virðismati fyrirtækja og grunnatriðum í stjórnarsetu. Annar umsækjandinn sem ráðinn hafi verið hafi lokið B.Sc. í viðskiptafræði og hinn lokið B.A. í sálfræði. Þannig hafi stefnandi meiri menntun.
- 22 Stjórnvald skuli meta hvernig menntun nýtist við starf. Í gögnum um ráðningarferlið hafi ekkert komið fram um hvernig slíkt mat hafi verið framkvæmt eða af hverju tiltekin menntun hafi verið talin nýtast betur en önnur. Engar skýringar sé að finna á því af hverju sálfræðimenntun á bachelorstigi hafi gefið einkunnina 5 en viðskiptafræðimenntun einkunnina 4. Stefnandi og annar umsækjandinn sem starf hlaut hafi báðar verið með viðskiptafræðimenntun á bachelorstigi en stefnandi einnig með meiri menntun. Óljóst sé af hverju sálfræðimenntunin hafi talist heppilegri en t.d. viðskiptafræðimenntun sem miðað við starfslýsingu mætti ætla að myndi nýtast betur. Jafnréttis- menntun stefnanda

auk framangreindra námskeiða og það að hún hafi lokið námi m.a. við erlendan háskóla hefði átt að vera umsókn hennar til framdráttar, enda gefi það skilning á námi þeirra sem starfsmaður hafi átt að veita ráðgjöf. Í matstöflu hafi stefnandi ranglega verið tilgreind með B.Sc. í hagfræði en ekki viðskiptafræði og ekki verið getið um námsgráðu í tónlist. Í framangreindu felist óhagstæðari meðferð stefnanda og bein mismunun.

- 23 Hæfisskilyrði um reynslu sem nýtist í starfi hafi verið gefið 30% vægi í hæfnimatínu. Stefnandi hafi starfað sem sérfræðingur í rannsóknarverkefni um námsaðstoð við fatlaða nemendur hjá Háskóla Íslands, sem sérfræðingur á fjármálasviði hjá heilsugæslu, sem verkefnastjóri hjá styrktarsjóði og séð um útgreiðslu styrkja, fjárfestingar og eignastýringu. Þá hafi hún starfað sem sérfræðingur á skráningasviði og síðar eftirlitssviði Kauphallar Íslands auk starfa við tónlistarkennslu. Annar umsækjandinn sem starf hafi fengið hjá stefnda hafi starfað eitt sumar í máladeild hjá stefnda og þar áður í apóteki við afgreiðslustörf. Hinn umsækjandinn sem starf hafi fengið hafi starfað sem sérkennari í leikskóla, sem aðstoðarforstöðumaður í félagsmiðstöð og sem stuðningsfulltrúi á frístundaheimili. Starfsreynsla stefnanda sé mun meiri og þess eðlis að nýtast betur í starfi hjá stefnda, sbr. auglýsingu um starfið. Samt sem áður hafi stefnandi fengið lægri einkunnir í þessum matsþætti en hinir umsækjendurnir tveir sem starf fengu. Þetta sé án skýringa, teljist óhagstæðari meðferð stefnanda og bein mismunun.
- 24 Hæfisskilyrði um góða tölvukunnáttu hafi verið gefið 10% vægi í hæfnimatínu. Í umsóknargögnum stefnanda komi fram kunnátta á ýmis upplýsingakerfi og haldgóð reynsla stefnanda af launa- og mannauðskerfi ríkisins og viðverukerfi, auk þess sem hún hafi tekið þátt í mótun verklags og þróun kerfa. Annar umsækjandinn sem starf hlaut hafi ekki greint frá sambærilegri kunnáttu. Hinn hafi ekkert getið um tölvukunnáttu og hafi það komið fram í töflu valnefndar. Sá síðarnefndi umsækjandi hafi fengið sömu einkunn og stefnandi þrátt fyrir þetta. Hinn hafi fengið hærri einkunn. Í framangreindu felist óhagstæðari meðferð stefnanda og bein mismunun.
- 25 Í töflu valnefndar hafi ekki verið fjallað um aðrar hæfniskröfur auglýsingar en ekki liggi fyrir hvers vegna. Stefnandi búi t.a.m. að góðri tungumálakunnáttu, m.a. eftir áralanga búsetu erlendis, og hefði a.m.k. staðið jafnfætis þeim sem ráðnar voru.
- 26 Stefndi hafi fullyrt við kærunefnd að af orðalagi auglýsingar hafi verið ljóst að leitað væri eftir starfsmönnum í „*framlinustörf*“. Reynsla af slíkum störfum hafi því vegið þungt og báðir umsækjendur sem starf hlutu hafi haft slíkt reynslu. Stefnandi hafi aðallega haft reynslu af störfum í „*bakvinnslu*“. Stefnandi telur þetta eftiraskýringu til að reyna að réttlæta hið ófullnægjandi hæfnismat og sé galli á ráðningarferlinu. Slík krafa

verði ekki ráðin af auglýsingunni en af henni verði umsækjendur opinbers starfs að geta gert sér grein fyrir hvaða meginsjónarmiðum verði fylgt. Réttmætar væntingar umsækjenda setji því skorður að stjórnvald geti breytt grundvelli ráðningarferlisins eftir upphaf þess. Þetta atriði hafi ekki komið fram í rökstuðningi stefnda til stefnanda og stjórnvald geti ekki bætt í rökstuðning eftirá. Þetta atriði verði ekki greint í matsgögnum og þennan matsþátt hafi ekki verið að finna í töflu yfir stigagjöf valnefndar. Samanburður á stefnanda og þeim sem starf hlutu hafi ekki farið fram. Sé um að ræða verulegan annmarka á meðferð málsins og beina og óbeina mismunun.

- 27 Verulegur annmarki hafi verið á ákvörðun stefnda því óheimilt hafi verið að taka umsókn sem borist hafi að liðnum auglýstum umsóknarfresti til efnislegrar meðferðar, s.s. gert hafi verið í tilviki annars umsækjandans sem starf hlaut hjá stefnda. Umsóknarfrestur hafi skv. auglýsingu runnið út 30. ágúst 2022 og hafi ekki verið framlengdur en umsókn umsækjandans hafi verið dagsett 5. september 2022. Með 7. gr. laga nr. 70/1996 hafi skv. lögskýringargögnum verið afnumin heimild áðurgildandi laga nr. 38/1954 um að taka til greina umsóknir sem berist eftir umsóknarfrest.
- 28 Stefnanda hafi verið mismunað vegna fötlunar og hún ekki notið jafnrar meðferðar og því hafi verið brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018. Ekki hafi verið málefnaleg rök fyrir að boða hana ekki í viðtal og ráða síðan aðra umsækjendur. Matið við ráðningarferlið hafi hvorki verið málefnalegt né forsvaranlegt og stefnandi fengið óhagstæðari meðferð en þær sem ráðnar voru. Engar málefnalegar skýringar liggi fyrir og leiði í sjálfu sér líkur að mismunun vegna fötlunar stefnanda, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Umsókn annars umsækjandans sem starfið hlaut hafi verið dagsett eftir að umsóknarfrestur hafi runnið út. Allt leiði þetta líkur að mismunun gagnvart stefnanda.
- 29 Stefnanda beri að sanna að stefnanda hafi ekki verið mismunað og að aðrar ástæður en fötlun hennar hafi ráðið óhagstæðari meðferð hennar en þeirra sem starf hlutu. Fullyrðingar stefnda séu rangar um að ekkert í umsókn stefnanda hafi bent til fötlunar hennar og að henni hafi borið að vekja athygli á fötlun sinni hafi hún viljað að tekið yrði tillit til hennar. Í ferilskrá stefnanda hafi þó verið tiltekin þátttaka hennar í femínísku fötlunarhreyfingunni B. Hún hafi viljað standa jafnfætis ófötluðum einstaklingum við matið og njóta jafnrar meðferðar. Af lögskýringargögnum að baki lögum nr. 86/2018 megi ráða að ekki skipti mál hvort erfitt sé að greina þætti sem óheimilt sé að mismuna vegna. Markmið laganna sé að auka réttarvernd vegna neikvæðra staðalímynnda.
- 30 Fatlað fólk skuli eiga forgang að störfum hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þess til starfsins sé meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sæki, sbr. 3. mgr. 22. gr. laga nr.

38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Tilgangur ákvæðisins skv. lögskýringargögnum sé að skapa veitingarvaldshafa aukið aðhald varðandi ráðningu fatlaðra til starfa. Því hvíli sú skylda á veitingarvaldshafa, sbr. einnig rannsóknarreglu stjórnisýsluréttar, að athuga og rannsaka hvort til greina komi að beita ákvæðinu, ekki síst þegar fötlun umsækjanda megi ráða af umsóknargögnum. Stefndi hafi brotið gegn nefndu ákvæði.

- 31 Kærunefnd jafnréttismála hafi ekki talið að sýnt hafi verið fram á mismunun á grundvelli fötlunar stefnanda. Sú niðurstaða hafi verið efnislega röng og ákvörðunin sé því ógildanleg. Með henni hafi verið gengið þvert á markmið og tilgang laga nr. 86/2018. Rökstuðningi nefndarinnar hafi einnig verið áfátt enda ekkert fjallað um hvernig umsækjendur hafi verið metnir og bornir saman til að komast að niðurstöðu um hvort mat stefnda á umsækjendum hafi verið forsvaranlegt. Slíkt sé þó lykilatriði til að meta mögulegt brot gegn lögum nr. 86/2018. Nefndin hafi litið framhjá fullyrðingum um mismunun og ekki vikið að eftiráskýringum stefnda um að reynsla af framlínustörfum hafi vegið þungt við matið og hvort það atriði hafi yfir höfuð verið metið, hvað þá með forsvaranlegum hætti.
- 32 Í framangreindum brotum, hverju og einu, hafi falist ólögmæt meingerð gegn æru, persónu og frelsi stefnanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og 16. gr. laga nr. 86/2018. Vegið hafi verið að starfsheiðri, reynslu og hæfni stefnanda, hún svipt stjórnarskrárvörðum rétti til að njóta jafnræðis, sbr. 65. gr. stjórnarskrár, verið mismunað á grundvelli fötlunar sinnar og svipt rétti skv. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 38/2018.
- 33 Krafist sé vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. október 2022 þegar stefnanda hafi verið tilkynnt um ráðningar í hið auglýsta starf og dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. s.l. frá því að mánuður er liðinn frá málshöfðunardegi, sbr. 9. gr. laganna.

Helstu málsástæður stefnda

- 34 Stefndi byggir á því að kærunefnd jafnréttismála hafi staðið rétt að meðferð málsins og komist að efnislega réttri niðurstöðu. Úrskurðurinn verði ekki felldur úr gildi enda ekki haldinn verulegum form- eða efnisannmarka.
- 35 Kærunefndin hafi talið að mat stefnda á sjónarmiðum sem lögð hafi verið til grundvallar við ákvörðun um val í viðtöl hafi verið málefnalegt og forsvaranlegt og innan þess svigrúms sem stefndi hafi haft. Kærunefndin hafi ekki talið að stefnandi hafi leitt líkur að því að við ákvörðun stefnda um val í viðtölin hafi stefnanda verið mismunað á grundvelli fötlunar skv. 15. gr. laga nr. 86/2018. Stefndi taki undir forsendur og niðurstöður kærunefndarinnar.

- 36 Aðferðir stefnda við ráðninguna hafi verið málefnalegar og lögmætar og meðferð málsins hafi verið í samræmi við lög. Engin skilyrði séu fyrir ógildi úrskurðarins eða til greiðslu miskabóta.
- 37 Kærunefndin hafi ekki vald til að endurskoða mat stefnda á því hvaða umsækjendur hafi fallið best að þeim sjónarmiðum sem lögð hafi verið áhersla á við ráðningarnar enda hafi matið verið talið forsvaranlegt. Því hafi engin slík endurskoðun farið fram af hálfu nefndarinnar. Stefnandi hafi ekki hnekktt þessari forsendu kærunefndarinnar.
- 38 Stefndi hafi byggt á tilteknum sjónarmiðum við val á umsækjendum í viðtöl. Við heildarmat á öllum umsóknum hafi verið notast við matskvarða með sérstaka áherslu á þrjá matsþætti, þ.e. háskólapróf sem nýtist í starfi (60%), að reynsla sem nýtist í starfi væri kostur (30%) og að góð tölvukunnátta væri skilyrði (10%), auk athugasemda við hvern umsækjenda. Stefndi hafi haft svigrúm til að ákveða hvaða sjónarmið skyldu liggja til grundvallar ákvörðun um val í viðtöl enda bindi lög hann ekki að þessu leyti. Matið hafi verið málefnalegt og forsvaranlegt og þessi sjónarmið verið í eðlilegum tengslum við umrætt starf, þarfir og hagsmuni stefnda. Þessir matsþættir hafi enda verið hluti af hæfniskröfum í auglýsingu um starfið. Stefndi taki undir rökstuðning kærunefndar um þetta.
- 39 Við meðferð málsins hafi ekki verið lítið gert úr hæfni stefnanda en hún hafi ekki verið hæfari en þær sem ráðnar voru. Samræmi hafi verið í einkunnagjöf valnefndar.
- 40 Stefnandi hafi ekki haft meiri menntun en þær sem ráðnar hafi verið og ekki fengið óhagstæðari meðferð við mat á menntun sem feli í sér beina mismunun. Við stigamat varðandi kröfur um „háskólapróf sem nýtist í starfi“ hafi verið miðað við að viðkomandi hefði að lágmarki grunnháskólapróf, s.s. B.A. eða B.Sc. Þannig hafi ekki verið gerðar kröfur um framhaldsmenntun umfram það. Stigamatið hafi verið: 1 stig fengi sá sem ekki teldist uppfylla menntunarkröfur, þ.e. hefði enga háskólamenntun. 2–3 stig fengi sá sem hefði háskólapróf sem ekki væri talið nýtast í starfi. 4 stig fengi sá sem hefði háskólapróf sem nýtist eitthvað í starfi, s.s. lögfræði, viðskiptafræði eða hagfræði. 5 stig fengi sá sem hefði háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. sálfræði. Þannig hafi stigagjöfin verið málefnaleg, forsvaranleg og tekið mið af starfinu. Stefnandi hafi þannig hvorki fengið óhagstæðari meðferð við mat á menntun né hafi hún verið hæfari til að sinna starfinu en þær sem ráðnar hafi verið. Af matstöflu megi ráða að samræmi hafi verið í stigagjöf að þessu leyti.
- 41 Fjöldi háskólagráða geti ekki verið ráðandi um það hvort umsækjandi sé betur hæfur til að sinna starfi en umsækjandi með færri háskólagráður. Meta þurfi hvort sú menntun sem umsækjandi hafi myndi nýtast í starfinu.

- 42 Röng tilgreining menntunar stefnanda í samantekt á matsblaði hafi ekki leitt til óhagstæðari meðferðar fyrir hana enda hafi viðskiptafræði og hagfræði verið metin til jafnra stiga. Samantektin hafi ekki verið tæmandi heldur aðeins ætlað að draga fram það helsta frá hverjum umsækjanda. Tekið hafi verið mið af öllum upplýsingum í umsóknargögnum varðandi menntun umsækjenda og litið til þess hvernig sú menntun gæti nýst í starfinu. Mat stefnda verið málefnalegt og forsvaranlegt, sbr. niðurstöðu kærunefndar, og stefnanda ekki mismunað.
- 43 Stefnandi hafi ekki verið með mun meiri starfsreynslu en þær sem starf hafi hlotið og ekki fengið óhagstæðari meðferð við mat á fyrri starfsreynslu. Horft hafi einkum verið til þess hvernig slík starfsreynsla gæti nýst í starfinu og stefndi talið að þær sem ráðnar hafi verið hafi búið að starfsreynslu sem hentað hafi betur í starfið. Lengri starfsreynsla sé ekki ávísun á betri hæfni til að sinna tilteknu starfi heldur þurfi að horfa til þess hvort starfsreynsla nýtist í starfinu.
- 44 Af auglýsingunni um starfið megi ráða að um framlínustörf hafi verið að ræða, þ.e. störf sem feli í sér mikil bein samskipti við fjölbreyttan hóp viðskiptavina stefnda. Reyni því mikið á færni í mannlegum samskiptum. Það hafi auglýsingin borið með sér enda þar gerð krafa um jákvætt viðmót, góða samskiptafærni, samstarfsvilja og álagspól.
- 45 Hið sama verði ráðið af starfslýsingu um starfið þar sem m.a. hafi verið vísað til þess að í starfinu felist að veita viðskiptavinum stefnda eins góða þjónustu og kostur sé ásamt því að annast almenn viðtöl í síma eða afgreiðslu við viðskiptavini, annast almenn samskipti og upplýsingagjöf við skóla og stofnanir, auk þess að taka þátt í almennri kynningarstarfsemi á vegum ráðgjafadeildarinnar.
- 46 Stefnda hafi þannig verið heimilt að leggja vigt í starfsreynslu umsækjenda af framlínustörfum. Matið hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og stefnanda ekki mismunað.
- 47 Stefnandi hafi ekki fengið óhagstæðari meðferð við mat á tölvukunnáttu. Við val umsækjenda í viðtöl hafi það sjónarmið haft 10% vægi, verið metið með sama hætti gagnvart öllum umsækjendum og þeim gefin einkunn á bilinu 2–5 stig. Við það mat hafi bæði verið hafðar til hliðsjónar þær upplýsingar sem umsækjendur hafi sjálfir veitt í umsóknargögnum en einnig upplýsingar um starfsreynslu og menntun viðkomandi. Matið hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og innan svigrúms laga. Matinu sé óhnekk.
- 48 Hvað sem öðrum hæfniskröfum í auglýsingunni líði hafi heildarskoðun á öllum umsóknum farið fram en lögð sérstök áhersla á framangreinda þrjá matsþætti við val á umsækjendum í viðtal. Matið hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og innan heimilaðs svig-

rúms. Þá sé því mótmælt að mat á öðrum þáttum í auglýsingu hefði leitt til þess að stefnandi hefði a.m.k. staðið jafnfætis þeim sem ráðnir hafi verið.

- 49 Stefnandi hafi ekki leitt líkur að því að með ákvörðun stefnda um val í viðtöl hafi henni verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Vísast til framangreinds. Stefndi taki einnig undir þær forsendur í úrskurði kærunefndar að það hafi ekki áhrif á framangreinda málsástæðu hvort stefndi hafi mátt vita um fötlun stefnanda á grundvelli fyrirbyggjandi umsóknargagna.
- 50 Stefnanda hafi ekki verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 86/2018, og hún hafi ekki hlotið óhagstæðari meðferð við ráðningarferlið en þær sem ráðnar hafi verið. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á slíkt eða að efnisleg niðurstaða kærunefndar hafi verið háð annmörkum.
- 51 Stefndi mótmæli að hann hafi mátt vita um fötlun stefnanda að þessu leyti. Tilgreining stefnanda á þátttöku í baráttu fatlaðs fólks með kvennahreyfingunni B hafi ekki gefið stefnda tilefni til að draga þá ályktun að hún væri fötluð.
- 52 Þar sem ekkert við meðferð ráðningarmálsins, s.s. umsóknargögn stefnanda, hafi mátt gefa stefnda tilefni til að ætla að hún væri fötluð teljist stefndi ekki hafa mismunað henni á grundvelli 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018. Jafnvel þótt fallist yrði á að umsóknargögn hafi gefið fötlun stefnanda til kynna, þá myndi það eitt og sér ekki leiða líkur að því að stefndi hafi mismunað henni á grundvelli fötlunar við val í viðtöl ellegar að niðurstaða kærunefndar hafi verið efnislega röng, sbr. það sem þegar sé rakið.
- 53 Rökstuðningi kærunefndar hafi ekki verið áfátt heldur hafi í niðurstöðu úrskurðarins verið farið yfir viðeigandi lagaákvæði, auglýsingu um starfið, ráðningarferlið og þá mælikvarða sem notaðir hafi verið til að tryggja samræmi og jafnræði við heildarmat á umsóknum. Niðurstaðan hafi verið að mat stefnda á sjónarmiðum sem lögð hafi verið til grundvallar við ákvörðun um val í viðtöl hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og innan svigrúms stefnda. Nefndinni hafi ekki borið að endurskoða mat stefnda á því hvaða umsækjendur hafi best fallið að þeim sjónarmiðum sem lögð hafi verið áhersla á við ráðningarnar.
- 54 Ekki hafi verið um verulegan annmarka á ákvörðun stefnda að ræða varðandi ráðningu þess umsækjanda sem dagsett hafði umsókn sína eftir að umsóknarfrestur hafði runnið út. Þetta atriði hafi ekki komið til skoðunar af hálfu kærunefndar enda hafi ekki farið fram endurskoðun af hálfu nefndarinnar á því hvaða umsækjendur hafi best fallið að þeim sjónarmiðum sem lögð hafi verið áhersla á við ráðningarnar. Jafnvel þótt sýnt væri fram á að umrædd umsókn hafi borist eftir lok umsóknarfrests sé því mótmælt að það sýni

fram á að stefnanda hafi verið mismunað á grundvelli fötlunar eða að slíkt leiði líkur að slíkri mismunun. Þetta teljist ekki ógildingarannmarki á úrskurði kærunefndar.

- 55 Framlögð tölvupóstsamskipti af hálfu stefnanda um samskipti í öðru ráðningarferli hafi ekkert vægi.
- 56 Ekki séu skilyrði til að dæma miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga eða 16. gr. laga nr. 86/2018. Ákvörðunin hafi hvorki falið í sér meingerð né vegið að starfsheiðri stefnanda, reynslu eða hæfni. Skilyrði um saknæma og ólögmæta háttsemi teljist óuppfyllt. Faglegt mat stefnda hafi farið fram og verið staðfest af kærunefnd að ákvörðun um val í viðtöl hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og innan svigrúms stefnda. Stefnandi hafi ekki leitt líkur að því að henni hafi verið mismunað á grundvelli fötlunar. Yrði fallist á rétt stefnanda til miskabóta krefjist stefndi lækkunar dómkröfu stefnanda.
- 57 Kröfu um vexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 sé mótmælt. Yrðu bætur dæmdar myndu þær taka mið af verðlagi á degi dómsuppkvaðningar. Séu því engar forsendur til að fallast á vaxtakröfu stefnanda. Upphafstíma dráttarvaxtakröfu sé mótmælt og skyldi miða við lokamálslið 9. gr. laga nr. 38/2001.

Niðurstaða

- 58 Ágreiningur aðila snýr að því hvort ógilda beri úrskurð kærunefndar jafnréttismála frá [...] 2024 í máli nr. [...] /2023 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að stefndi hefði ekki brotið gegn lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði með ákvörðun um ráðningar í starf ráðgjafa en stefndi réði tvo ráðgjafa úr hópi umsækjenda að loknu umsóknarferli. Stefnandi var meðal umsækjenda um starfið en var ekki boðið starfsviðtal. Stefnandi krefst ógildingar úrskurðarins og miskabóta.
- 59 Beinir stefnandi kröfum sínum að stefnda Menntasjóði námsmanna en ekki að kærunefnd jafnréttismála. Samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnarsýslu jafnréttismála skal kærunefnd jafnréttismála og kæranda máls fyrir nefndinni stefnt til varnar ef úrskurður nefndarinnar hefur verið kæranda í hag en gagnaðili vill ekki una honum og höfðar mál til ógildingar úrskurðinum fyrir dómstólum. Umrætt ákvæði á við um þær málsóknir sem varða úrskurði nefndarinnar sem falla kæranda í hag. Svo á ekki við í máli þessu og telst aðild málsins til varnar til samræmis við framangreind lög. Hefur stefndi tekið til varna án athugasemda við þetta og er krafist sýknu í málinu. Aðild málsins telst að því leyti sambærileg dómi Landsréttar 19. júní 2025 í máli nr. 374/2024 þar sem kærunefnd jafnréttismála átti heldur ekki aðild að því máli til varnar.

- 60 Þann 1. september 2018 tóku gildi lög nr. 86/2018. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna gilda þau um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyn-einkennum eða kyntjáningu, s.s. hvað varðar m.a. aðgengi að störfum, þ.m.t. við ráðningar og framgang í starfi, sbr. a-lið ákvæðisins sem er það ákvæði sem til álita kemur í máli þessu. Samkvæmt upphafsákvæði 1. mgr. 7. gr. laganna er hvers kyns mismunun á vinnumarkaði, hvort heldur bein eða óbein, vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. óheimil. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er atvinnurekendum óheimilt að mismuna umsækjendum um starf vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. Í 15. gr. laganna er síðan að finna reglu um sönnunarbyrði sem kveður á um að ef leiddar eru líkur að því að mismunun skv. ákvæðum laganna hafi átt sér stað skuli sá sem talinn er hafa mismunað sýna fram á að ástæður þær sem legið hafi til grundvallar meðferðinni tengist ekki einhverjum af þeim þáttum sem um getur í 1. mgr. 1. gr. laganna.
- 61 Við úrlausn ágreinings aðila ber að líta til þess að stefnandi var í hópi 34 umsækjenda sem sóttu um starf hjá stefnda og metnir voru af valnefnd en ekki í hópi þeirra fjögurra sem valdir voru af heildarumsækjendum og boðaðir til starfsviðtals. Heildarmat valnefndar stefnda á umsækjendum til að boða til viðtals byggir þannig á hlutlægu mati á þeim upplýsingum, umsóknum og fylgigögnum sem lögð voru til valnefndar af umsækjendum og því sem af þeim gögnum verður ráðið. Mat stjórnvalds á huglægum þáttum fór síðan fram á síðari stigum ráðningarferlis.
- 62 Við heildrænt mat hefur verið lagt til grundvallar í íslenskum rétti að stjórnvald, hér stefndi, njóti ríkulegs svigrúms til að velja þau sjónarmið sem hann telur rétt að byggja á við mat á því hvaða umsækjandi sé hæfastur. Hér er einkum um það að ræða að lagt hafi verið mat á það hvaða umsækjendur skyldi velja til starfsviðtals. Við matið skal leggja til grundvallar sjónarmið sem séu málefnaleg og í eðlilegu samræmi við þau verk-efni sem tilheyra starfinu sem sótt er um. Þá þarf heildstæður samanburður á mati á hæfni umsækjenda að hafa verið framkvæmdur. Í þessu máli ber til þess að líta að sú ákvörðun sem útilokaði stefnanda frá frekara umsóknarferli var val stefnda á umsækjendum í viðtal þar sem stefnandi var ekki í þeim hópi.
- 63 Í málalíbúnaði stefnanda er að meginstefnu byggt á því að hún hafi verið hæfari til að hljóta starf hjá stefnda en þeir umsækjendur tveir sem ráðnir voru. Er í stefnu ítarlega rakið að hún telji að ráðningarferli stefnda hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga og að hún telji sig ekki hafa notið jafnrar meðferðar á vinnumarkaði við það ferli; lítið hafi

verið gert úr hæfni hennar, menntun og reynslu við matið en að sama skapi meira gert úr hæfni, menntun og reynslu þeirra umsækjenda sem starf hafi hlotið. Í lok umfjöllunar um framangreint í stefnu er vikið stuttlega að úrskurði kærunefndar jafnréttismála. Af þeirri umfjöllun verður ráðið að þær ógildingarástæður sem stefnandi byggir kröfur sínar um ógildingu úrskurðar nr. [...] /2023 á séu að niðurstaða úrskurðarins sé efnislega röng, gangi þvert gegn markmiði og tilgangi laga nr. 86/2018 og að rökstuðningi sé áfátt í úrskurðinum.

- 64 Að gefnum framangreindum málalíbúnaði stefnanda þykir dóminum tilefni til að áréttast að það var ekki hlutverk kærunefndar jafnréttismála að endurmeta það hvern af umsækjendunum átti að ráða í starfið heldur að meta hvort ákvörðun um ráðningu þeirra tveggja umsækjenda sem starf hlutu hjá stefnda hefði brotið í bága við 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018 og mismunað stefnanda á grundvelli fötlunar. Í máli stefnanda lýtur framangreint að því hvort brotið hafi verið gegn nefndum ákvæðum laganna og stefnanda mismunað á grundvelli fötlunar, einkum við val á umsækjendum til starfsviðtals enda var stefnandi ekki í þeim hópi. Á sama hátt er það ekki hlutverk dómsins að endurmeta það hvern af umsækjendunum átti að ráða í starfið heldur að meta hvort kærunefndin hafi fylgt þeim reglum sem um starf hennar gilda, einkum við mat á vali stefnda á umsækjendum til starfsviðtals. Er það þannig úrlausnarefni dómsins, með vísan til málsástæðna stefnanda og þess málsgrundvallar sem hún hefur kosið að marka máli þessu, hvort téður úrskurður kærunefndar sé haldinn svo verulegum form- eða efnisannmörkum að fella verði hann úr gildi.
- 65 Í úrskurði kærunefndar jafnréttismála sem krafist er ógildingar á kemur fram að auglýst hafi verið eftir jákvæðum og drífandi einstaklingi. Í úrskurðinum er síðan rakið hvað komið hafi fram í auglýsingu um starfið varðandi helstu verkefni og hæfniskröfur. Í úrskurðinum kemur fram að stefndi hafi gert grein fyrir því að sömu mælikvarðar hafi verið notaðir við mat á umsóknum allra umsækjenda til að tryggja jafnræði og samræmi við heildarmatið. Fjórir umsækjenda sem best hafi komið úr því mati hafi verið boðaðir í viðtal en stefnandi var ekki þar á meðal. Tveir af þeim fjórum hafi síðan hlotið starf hjá stefnda á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem fram komu í auglýsingu.
- 66 Í úrskurðinum var lagt mat á matskvarðann sem notaður var við mat á umsóknum og val á umsækjendum til að boða í starfsviðtal og kemur fram að gerð hafi verið grein fyrir því að stuðst hafi verið við heildarmat á umsóknum með sérstakri áherslu á þrjá hæfnisþætti. Hafi þar verið um að ræða „háskólapróf sem nýtist í starfi“ (60%), „reynsla sem nýtist í starfi er kostur“ (30%) og „góð tölvukunnátta er skilyrði“ (10%). Var það síðan

niðurstaða úrskurðarins að fyrirbyggjandi gögn leiddu ekki líkur að því að með ákvörðun stefnda um val í viðtöl hafi stefnanda verið mismunað á grundvelli fötlunar.

- 67 Eins og áður er getið hefur stjórnvald rúmt svigrúm til að ákveða að leggja framangreindar kröfur til grundvallar við heildarmat á umsóknum, í ljósi þeirra þarfa sem talið er nauðsynlegt að uppfylla til starfrækslu þeirra verkefna sem um ræðir með hagsmuni stofnunarinnar, þ.e. stefnda, að leiðarljósi. Ekki er annað sýnt en að mat á grundvelli þessara þriggja hæfnisþátta sem leggja skyldi áherslu á í heildarmatinu við val á umsækjendum í viðtöl hafi verið málefnalegt, forsvaranlegt og fallið að þeim verkefnum sem um ræði í starfinu. Það er enda innan svigrúms stjórnvalds að ákveða hvaða þættir af heildarmatinu vega skuli þyngst við valið og ekki þykja heldur leiddar að því líkur að ákvörðun um að leggja áherslu á framangreindar þrjár hæfniskröfur hafi mismunað stefnanda. Stjórnvald hefur ríkulegt sjálfðæmi um þær aðferðir er það kýs að nota til að sannreyna þessa þætti, svo lengi sem þær séu málefnalegar, sbr. dóm Hæstaréttar 7. júní 2018 í máli nr. 578/2017. Það fellur því innan þessa svigrúms að ákveða að á þessu stigi ráðningarferlis skuli framangreindir þrjú hæfnisþættir vega þyngra en aðrir sem getið var í auglýsingu um starfið.
- 68 Þessu til viðbótar hefur stefnandi fært fram ýmsar málsástæður varðandi beitingu þessara þriggja framangreindra matsþátta, sem stefndi ákvað að vega skyldu þyngst við matið á umsækjendum sem boða skyldi í viðtöl.
- 69 Í fyrsta lagi telur stefnandi að við mat á þeim hæfnisþætti sem vó þyngst, þ.e. „háskólapróf sem nýtist í starfi“, hafi sér verið mismunað við einkunnagjöf valnefndar og að matið skv. þessum matsþætti hafi ekki verið samræmt fyrir alla umsækjendur. Samkvæmt matsblaði valnefndar fékk annar umsækjandinn sem starf hlaut 4, 4 og 4 í einkunn valnefndar stefnda í þessum matsþætti en sá var með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði líkt og stefnandi, sem hlaut sömu einkunn í þessum matsþætti. Hinn umsækjandinn sem starf hlaut var með 5, 5 og 5 í einkunn valnefndar fyrir þennan matsþátt en sá var með B.A.-gráðu í sálfræði. Stefnandi hefur auk B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði stundað frekara nám og er með bachelor- og mastersgráðu í tónlist auk diplómagráðu í hagnýtri jafnréttisfræði.
- 70 Við aðalmeðferð málsins benti lögmaður stefnanda á að fram kæmi í umsókn annars umsækjandans sem ráðinn var að hún stundi nám í viðskiptafræði en ekki komi fram að hún hafi lokið náminu. Því taldi lögmaðurinn að leggja yrði til grundvallar að hún hafi ekki haft þá háskólagráðu þegar mat stefnda fór fram. Á þetta verður ekki fallist. Í kynningarbréfi sama umsækjanda kemur raunar fram að hún hafi brautskráðst úr

viðskiptafræði í júní 2022. Hafi hún þannig vissulega búið yfir þeirri háskólagráðu sem lagt hafi verið til grundvallar við matið að hún byggi yfir og hefur ekki verið sýnt fram á annað. Jafnvel þó að hún hefði beðið brautskráningar þegar hún sótti um starfið verður að telja hefðbundið og vanalegt að háskólanemar hefji starfsumsóknir skömmu fyrir brautskráningu og að vinnuveitendur hafi heimild til að taka slíkar umsóknir til meðferðar gegn þeirri forsendu að til fyrirhugaðrar brautskráningar myndi koma stuttu síðar.

- 71 E, mannauðsráðgjafi hjá F, sem sæti átti í valnefnd stefnda bar vitni fyrir dóminum. Aðspurð um það hvers vegna sálfræðimenntun hafi vegið þyngra við einkunnagjöf í hæfnismatinu heldur en t.d. viðskiptafræðimenntun greindi hún frá því að það hafi verið ákvörðun valnefndarinnar í upphafi ráðningarferlisins. Ástæðan fyrir því hafi verið sú að ráðgjafar stefnda fái oft erfið símtöl og erfið mál til að glíma við. Því hafi sálfræðimenntun verið talin eftirsóknarverðari en önnur menntun fyrir þetta tiltekna starf.
- 72 Með vísan til þess sem að framan er rakið er það innan þess svigrúms sem stefndi nýtur að ákveða hvaða menntun henti viðkomandi starfi best, enda þær forsendur sem framangreint vitni greindi frá fyrir þeirri ákvörðun málefnalegar og forsvaranlegar. Stefndi hefur haldið því fram að í þessu tilviki hafi verið tekin sú ákvörðun að sálfræðimenntun skyldi vega þyngst en að viðskiptafræði- og hagfræðimenntun gæti einnig komið að góðum notum en skyldu þó ekki vega jafnþungt. Þetta vægi við mat á menntun var stefnda heimilt enda stendur það í rökréttum og eðlilegum tengslum við starfið og stefndi hafði ríkulegt sjálfdæmi um hvaða tegund menntunar hann vildi leggja mesta áherslu á.
- 73 Að sama skapi fellur innan framangreinds svigrúms stjórnvaldsins að ákveða að menntun í fögum sem ekki þykja beinlínis nýtast í starfinu skuli ekki telja til einkunna, og þar með ekki hækka einkunn þeirra sem þó búa að annarri menntun sem telst koma að góðum notum við starfið.
- 74 Fær dómurinn ekki annað séð af framlögðum gögnum en að framangreind sjónarmið varðandi menntun eigi gegnumgangandi við og hafi verið beitt á sambærilegan máta við heildarmat á öllum umsækjendum. Þá verður á það fallist með stefnda að þó svo að í matsblaði valnefndar sé ranglega tilgreint að stefnandi hafi B.Sc.-gráðu í hagfræði fái það engu breytt um niðurstöðu matsins enda hafi hagfræði- og viðskiptafræðimenntun verið metin með sama vægi og til sömu einkunnar.
- 75 Í öðru lagi telur stefnandi varðandi hæfnisþáttinn „[starfs]reynsla sem nýtist í starfi er kostur“ að sér hafi verið mismunað við einkunnagjöf valnefndar og að matið skv. þessum matsþætti hafi ekki verið samræmt fyrir alla umsækjendur. Telur stefnandi að hún hafi

búið yfir meiri reynslu en þær sem starf hlutu hjá stefnda en hún hafi samt sem áður fengið lægri einkunn í þessum matsþætti.

- 76 Stefnandi hefur borið því við að við mat á starfsreynslu sem nýtist í starfi hafi verið litið til þess hverjir umsækjenda hafi áður verið í svokölluðum framlínustörfum, þ.e. í beinum samskiptum við viðskiptavini eða haghafa eða við afgreiðslu, og hverjir hafi verið í svokallaðri bakvinnslu sem ekki hafi falið í sér sambærileg samskipti. Þetta telur stefnandi vera eftiráskýringu sem ekki verði byggt á.
- 77 Til þess verður að líta að í auglýsingu um starfið kemur fram að í starfinu felist m.a. ráðgjöf og þjónusta við námsmenn og greiðendur námslána. Í upptalningu um helstu verkefni og ábyrgð er nefnt í fyrsta lið „[s]amskipti og upplýsingagjöf til námsmanna og greiðenda“. Í framlagðri starfslýsingu starfsins er einnig að sjá áherslu á samskipti, viðtöl, ráðgjöf og kynningarstarfsemi.
- 78 Að þessu virtu þykir dóminum ljóst að stór þáttur starfsins hafi lotið að ráðgjöf eða afgreiðslu sem feli í sér samskipti starfsmanns við haghafa stofnunarinnar, námsmenn og greiðendur námslána. Þegar af þeirri ástæðu, og sér í lagi vegna orðalags starfsauglýsingarinnar sem rakið hefur verið, hafi umsækjendur mátt vænta þess að starfsreynsla af störfum sem falið hafi í sér bein samskipti við haghafa myndi veða meira en ella. Að þessu virtu verður ekki á það fallist með stefnanda að um eftiráskýringu sé að ræða af stefnda hálfu.
- 79 Varðandi matið á þessum þætti hefur stefnandi lagt fram umsóknargögn þeirra tveggja umsækjenda sem starf hlutu og umsagnir umsagnaraðila um þriðja umsækjandann sem einnig var boðaður í starfsviðtal. Af þeim gögnum, sem og af umsóknargögnum stefnanda, má greina áherslu umsækjenda á góða samskiptafærni og rökstuðning þeirra er laut að reynslu af þeim þætti í fyrri störfum. Þykja þessi gögn styðja framangreinda niðurstöðu dómsins um matið á þessum hæfnisþætti og þykir ekki ómálefnalegt eða óforvaranlegt að leggja til grundvallar að reynsla af fyrri störfum er falið hafi í sér afgreiðslu eða bein samskipti vegi þyngra en annars konar starfsreynsla.
- 80 Í þriðja lagi telur stefnandi varðandi hæfnisþáttinn „*góð tölvukunnátta er skilyrði*“ að sér hafi verið mismunað við einkunnagjöf valnefndar og að matið skv. þessum matsþætti hafi ekki verið samræmt fyrir alla umsækjendur. Í umsókn sinni hafi stefnandi talið upp kunnáttu á ýmis tölvukerfi og reynslu af því að nota þau í starfi. Bendir stefnandi sérstaklega á að annar umsækjandinn sem starf hlaut hjá stefnda hafi tilgreint með einkunnagjöf tölvukunnáttu í Word (8), Powerpoint (8), Excel (8), Medicor (6) og Navision (5). Hinn umsækjandinn sem starf hlaut hafi ekki tilgreint tölvukunnáttu í

umsókn sinni. Einkunn stefnanda í þessum matsþætti hafi verið 4, 3 og 5. Fyrri umsækjandinn sem þó hafi tilgreint tölvukunnáttu með framangreindum hætti hafi hlotið 5, 4 og 5 í einkunn valnefndar fyrir tölvukunnáttu. Hinn umsækjandinn sem ekki hafði tilgreint tölvukunnáttu í umsókn sinni hafi hlotið 4, 4 og 4 í einkunn valnefndar fyrir þann matsþátt en í matstöflu hefur verið ritað í samantektardálk sú athugasemd að umsækjandinn taki ekki fram tölvukunnáttu í umsókn sinni.

- 81 Almennt hvílir rík skylda á umsækjendum að gera umsókn sína þannig úr garði að veitingarvaldshafinn geti af lestri hennar áttað sig á hvort viðkomandi sé búinn þeim kostum og þeirri hæfni sem fellur að starfinu. Á þetta einkum við með tilliti til þess hvernig gengið hefur verið frá auglýsingu og hvaða sjónarmið umsækjandi má ætla að verði lögð áhersla á af lestri hennar.
- 82 Í framburði E mannaúdráðgjafa fyrir dómi kom fram að við slíkar kringumstæður þegar ekki hafi verið upplýst um t.a.m. tölvukunnáttu í umsókn eða umsóknargögnum hafi nefndin að jafnaði getað litið til annarra upplýsinga í umsókn, í þessu tilviki til fyrra starfs viðkomandi umsækjanda sem aðstoðarforstöðumaður á frístundaheimili, og megi oft ráða af slíkum þáttum hvers eðlis tölvukunnátta viðkomandi sé.
- 83 Tekur dómurinn undir þetta sjónarmið og telur að heimilt hafi verið að leggja til grundvallar í matstöflu, eins og hér var gert, að umsækjandi sem skv. umsóknargögnum var með háskólagráðu í sálfræði og níu ára starfsreynslu, þ.m.t. stjórnendareynslu og sem sérkennari, hafi búið yfir fullnægjandi tölvukunnáttu til að standa undir þeirri einkunn sem henni var gefin fyrir þennan matslið á þessu stigi ráðningarferlisins. Verður síðan lagt til grundvallar að unnt sé að spyrja nánar um slíkt atriði í starfsviðtali, hafði enda verið rituð athugasemd um þetta í samantektardálk matstöflu varðandi þennan umsækjanda. Það að valnefnd hafi dregið framangreinda ályktun um tölvukunnáttu eins umsækjandans af öðrum upplýsingum í umsóknargögnum hennar á þessu stigi ráðningarferlisins verður ekki talið fela í sér verulegan annmarka á ráðningarferlinu.
- 84 Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að beiting þessara þriggja hæfnisþátta við heildarmat stefnda á umsækjendum, þ.m.t. við val í starfsviðtöl, hafi verið innan þess svigrúms sem stefnda er heimilað. Matið á hæfnisþáttunum þremur og beiting þeirra var samræmt, forsvaranlegt og málefnalegt og ekki er á það fallist að sýnt sé að líkindi teljist leidd að mismunun gagnvart stefnanda á grundvelli fötlunar hvað hæfnisþættina varðar.
- 85 Stefnandi ber því við að óheimilt hafi verið að taka umsókn sem borist hafði að liðnum umsóknarfresti til efnislegrar meðferðar, en svo háttaði til varðandi annan umsækjandann sem ráðinn var til starfa hjá stefnda. Af hálfu stefnda hefur ekki verið skýrt með

fullnægjandi hætti hvers vegna sú umsókn hafi verið tekin til meðferðar við ráðningarferlið. Mannauðsráðgjafinn E kvaðst aðspurð fyrir dómi hafa veitt stefnda þá ráðgjöf að ekki væri heimilt að taka umrædda umsókn til meðferðar. Stefnandi krefst ógildingar úrskurðar kærunefndar jafnréttismála af þessum sökum. Í úrskurðinum segir um þetta atriði að þar sem gögn málsins leiði ekki líkur að því að með ákvörðun stefnda um val í viðtöl hafi stefnanda verið mismunað á grundvelli fötlunar komi ekki til frekari skoðunar hvort umsókn hafi borist eftir auglýstan umsóknarfrest.

- 86 Þessari nálgun er dómurinn ekki allskostar sammála. Mælt er fyrir um almenna skyldu til þess að auglýsa embætti og önnur störf hjá ríkinu í 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Önnur störf en embætti skulu auglýst opinberlega skv. reglum sem settar skulu af ráðherra, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Að baki auglýsingaskyldu á opinberum störfum og embættum búa einkum tvenns konar sjónarmið. Annars vegar er um að ræða sjónarmið um jafnræði borgaranna á þá leið að veita beri öllum þeim er áhuga kunna að hafa tækifæri til að sækja um opinbert starf. Þá er litið svo á að eftir opinbera auglýsingu hafi allir sem fullnægja hæfisskilyrðum sem gilda um stöðuna jafna möguleika á því að sækja um starfið. Hins vegar er litið svo á að með auglýsingu opinberra starfa sé stuðlað að því að ríkið eigi betri kost á færum og hæfum umsækjendum. Þessi sjónarmið komu skýrt fram í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 38/1954 sem núgildandi lög nr. 70/1996 leystu af hólmi. Almennt er svo talið að umsækjendur eigi að geta treyst auglýstum fresti sem stjórnvöld setja borgurunum til að sækja um ákveðna fyrirgreiðslu eða önnur réttindi lögum samkvæmt. Sé sá frestur fortakslaus afmarkar hann það tímabil sem borgarinn getur lagt fram slíka umsókn. Ekki er mælt fyrir um heimild til þess að víkja frá auglýstum umsóknarfresti í núgildandi lögum nr. 70/1996 eða í stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið með stoð í lögnum. Væntingar umsækjenda um að umsóknir þeirra kunni að vera teknar til greina þótt þær hafi borist of seint verða því ekki byggðar á ákvæðum laga. Þá er litið svo á að stjórnvald geti almennt framlengt frest með því að auglýsa á ný eftir umsóknum þar sem annar umsóknarfrestur er tilgreindur og er ekki deilt um að svo hafi ekki háttáð til í máli þessu. Það að stefndi hafi tekið umsókn sem barst að liðnum umsóknarfresti til efnislegrar meðferðar var þannig ekki í samræmi við lög.
- 87 Þar sem stefnda var óheimilt að taka til meðferðar umsókn sem barst of seint, veita þeim umsækjanda viðtal og ráða hann síðan til starfa er ljóst að stefndi braut gegn jafnræði allra umsækjenda um starfið sem eiga að sitja við sama borð í ráðningarferlinu. Felst því efnisannmarki í þeirri stjórnvaldsákvörðun að ráða viðkomandi til starfsins, þ.m.t. að taka

umsókn hennar til meðferðar og veita henni starfsviðtal. Það er þó mat dómsins að sá efnisannmarki einn og sér nægi ekki til að leiða líkur að því að stefnanda hafi verið mismunað vegna fötlunar sinnar í skilningi 15. gr. laga nr. 86/2018. Hefur enda ekki verið sýnt fram á að efnislegt heildarmat á umsóknargögnum og hæfni umsækjendanna við val í viðtöl hafi verið ómálefnalegt eða óforsvaranlegt, eins og þegar hefur verið ítarlega rakið.

- 88 Þessu til viðbótar er það álit dómsins að hin knappa umfjöllun kærunefndar jafnréttismála um þetta tiltekna atriði í úrskurði nefndarinnar feli ekki í sér fullnægjandi rökstuðning. Sá formannmarki úrskurðarins telst hins vegar ekki verulegur ágalli og felur því heldur ekki í sér ógildi úrskurðarins. Þá verður heldur ekki talið að þessi formágalli hafi haft áhrif á efni niðurstöðu úrskurðarins.
- 89 Ekki verður heldur framhjá því litið að eins og hér háttar til voru fjórir umsækjendur boðaðir til viðtals hjá stefnda vegna ráðningarferlisins en stefnandi var ekki ein þeirra. Hefði sá umsækjandi sem umsókninni skilaði of seint ekki verið ráðin til starfsins liggur ekkert fyrir um að stefnandi hefði staðið þessum tiltekna umsækjanda næst því að vera valin í starfsviðtal og enn síður næst því að hljóta starfið. Raunar þykir verða að leggja til grundvallar að í stað þess umsækjanda sem sótti um of seint hefði verið ráðin önnur hinna umsækjendanna sem boðaðir voru í viðtal en stefnandi hafði þegar á fyrstu stigum ráðningarferlisins verið útilokuð frá frekari þátttöku og ekki boðuð í viðtal. Þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að heildarmat á umsækjendum við val í viðtal hafi ekki að neinu öðru leyti verið ómálefnalegt eða óforsvaranlegt. Þessi ágalli geti þegar af þeirri ástæðu ekki falið í sér mismunun gagnvart stefnanda heldur aðeins gagnvart þeim tveimur einstaklingum sem til viðbótar við þá tvo umsækjendur sem starf hlutu höfðu verið boðaðir í starfsviðtöl. Hefði viðkomandi einstaklingur sem umsókn skilaði of seint hvorki verið boðuð í viðtal né fengið starfið hefði það, eins og málið liggur fyrir dóminum, engu breytt fyrir stefnanda. Hvað þetta varðar þykir dóminum unnt að hafa vissa hliðsjón af dómi Hæstaréttar 14. apríl 2011 í máli nr. 412/2010, einkum kafla IV.
- 90 Verður því tekið undir þá niðurstöðu kærunefndar að í þessu felist ekki að leiddar hafi verið líkur að því að stefnanda hafi verið mismunað á grundvelli fötlunar. Ekki verður því fallist á að hinn knappi og ónógi rökstuðningur í úrskurði kærunefndar um þetta atriði teljist til svo verulegs annmarka að valdi ógildingu úrskurðarins.
- 91 Þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að heildarmat stefnda á þeim sjónarmiðum sem hann lagði til grundvallar við val á umsækjendum í starfsviðtöl hafi verið málefnalegt og forsvaranlegt og innan þess svigrúms sem honum verði játað við slíkt

mat. Þá verður ekki talið að móttaka umsóknar sem barst of seint og braut gegn 7. gr. laga nr. 70/1996 breyti þeirri niðurstöðu þannig að valdi ógildi úrskurðar kærunefndar, s.s. þegar hefur verið rakið. Felur það í sér tvennt; annars vegar að sá tiltekni efnisannmarki á ráðningarferlinu nægi ekki einn og sér til að fallast megi á að líkindi hafi verið leidd að mismunun gegn stefnanda vegna fötlunar í skilningi 15. gr. laga nr. 86/2018 og hins vegar að ófullnægjandi rökstuðningur um þetta atriði í úrskurði kærunefndar sé formannmarki, en ekki verulegur og nægi sem slíkur ekki heldur til ógildingar úrskurðarins. Að virtu öllu því sem nú hefur verið rakið hefur stefnandi ekki leitt nægar líkur að því að með ákvörðun stefnda hafi henni verið mismunað á grundvelli fötlunar þannig að hún teljist hafa varpað sönnunarbyrði yfir á stefnda á grundvelli 15. gr. laga nr. 86/2018.

- 92 Að þessu virtu þykir dómnum vert að geta þess að ekki er á það fallist að af umsóknargögnum stefnanda megi skýrt ganga út frá því að hún sé haldin fötlun. Verður ekki fallist á að tilgreining í umsókn stefnanda um þátttöku hennar í femínísku baráttuhreyfingunni B hafi átt að gefa stefnda sérstakt tilefni til að ætla að hún væri fötluð. Fyrir dómnum liggja engin slík gögn að staðfesti að fötlun sé forsenda fyrir þátttöku í eða stuðningi við þá hreyfingu um réttindi fatlaðra einstaklinga heldur megi ófatlaðir einstaklingar einnig taka þar þátt. Þar sem stefnandi var ekki boðuð í starfsviðtal er því ekki unnt að fallast á að valnefnd stefnda hafi vitað eða mátt vita að hún væri haldin fötlun.
- 93 Fyrir dóminn kom G og gaf vitnaskýrslu um reynslu sína sem fatlaður umsækjandi um starf hjá stefnda í ráðningarferli sem fram fór nokkrum mánuðum eftir að ráðningarferli því sem mál þetta varðar lauk. Í valnefnd þegar vitnið sótti um starf hjá stefnda voru sömu aðilar og um ræddi í tilviki stefnanda. Hvað sem því líður og jafnvel þó svo að lagt yrði til grundvallar að þar hafi henni mætt óviðeigandi framkoma eða spurningar varðaði sú frásögn atvik sem átti sér stað í starfsviðtali. Stefnandi var ekki boðuð í slíkt viðtal og átti því ekki í sambærilegum samskiptum við valnefndina. Hefur því frásögn af framkomu í starfsviðtali gagnvart öðrum einstaklingi ekki þýðingu við úrlausn ágreiningsefnis stefnanda, auk þess sem dómurinn hefur lagt til grundvallar að fötlun stefnanda hafi ekki eindregið mátt greina af starfsumsókn hennar.
- 94 Að öllu framangreindu virtu verður heldur ekki lagt til grundvallar að sýnt sé að stefnandi skuli eiga forgang að umræddu starfi í skilningi 3. mgr. 22. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir enda hefur ekki verið sýnt fram á að hæfni stefnanda til starfsins hafi verið meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið

sóttu eða að hana hafi með réttu átt að velja til starfsviðtals. Telst að sama skapi ekki brotið gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar sem stefnandi vísar til.

- 95 Af þessari niðurstöðu leiðir að stefnandi hefur ekki fært sönnur á að stefndi hafi valdið henni tjóni með ólögumætum hætti þannig að bótaábyrgð varði, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og 16. gr. laga nr. 86/2018, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 19. júní 2025 í máli nr. 374/2024. Þá verður það ekki talið varða miskabótum til handa stefnanda þó svo að annar umsækjandinn sem ráðinn var til starfsins hafi skilað umsókn eftir að umsóknarfresti lauk, enda hafi stefnandi ekki verið ein þeirra fjögurra sem valin hafi verið til viðtals. Þó að þeim umsækjanda sem skilaði of seint hefði ekki verið boðið starfið hefði það engu breytt fyrir stefnanda heldur aðeins hugsanlega fyrir hina tvo umsækjendurna sem einnig voru boðaðir til viðtals en fengu ekki starfið, s.s. þegar er rakið. Í þessu fólst þannig ekki meingerð gagnvart stefnanda.
- 96 Dómurinn hefur þannig hafnað kröfum og málsástæðum stefnanda. Engu að síður þykir rétt að málskostnaður milli málsaðila falli niður.
- 97 Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Ingvi Snær Einarsson lögmaður fyrir stefnda. Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Menntasjóður námsmanna, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Rut Júlíusdóttir